

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um lækkun á landsskuld eptir Þjóðjörð.** — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknun-  
legu brjefi 27. okt. f. á. og með tilliti til þar með fylgjandi skoðunargjörðar á skemmdum, er jörðin Grund í Svarfaðardal, heyrandi undir umboðið yfir stærri og minni Eyjafjarðarsýslujörðum, hefur orðið fyrir af skriðuhlaupi árið 1883, vil jeg fallast á, að landsskuldin af jörðu þessari, sem nú er 120 álnir, megi yfir tíð þess ábúanda, sem nú er á jörðinni, og frá fardögum 1884 að telja, vera 17½ alin lægri árlega eða 102½ alin.

Þetta tilkynnist yður hjer með, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðbót við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekknna samkvæmt 6. gr. l. 27. febr. 1880.** — Í þóknun-  
anlegu brjefi, dagsettu 28. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá, að synodusfundur sá, er haldinn var í sumar, hafi viljað úthluta til uppgjafapresta 650 kr. en til prestaekknna 1350 kr. af þeim 2000 kr., sem veittar eru í fjárlaganna 13. gr. A. b. 4. til viðbótar við eptirlaun fátækra uppgjafapresta og prestaekknna, samkvæmt lögum 27. febr. 1880 6. gr.

En þar með þjer álitíð, að slík skipting á nefndu fjártillagi ekki sje samkvæm 6. gr. hinna tilvitnuðu laga og tilskipun 15. des. 1865 7. gr., þarsem yður virðist að þessar ákvarðanir gjöri það nauðsynlegt, að umræddum 2000 kr. sje skipt til helminga milli uppgjafapresta og prestaekknna, og að prestaekknjunum þess vegna ekki verði úthlutað meiru en helmingi af fjárveitingunni, þá hafið þjer neitað að samþykkja úthlutun synodusfundarins, en hafið síðan eptir ósk biskupsins, sem hefur lýst yfir efa um, að þýðing yðar á lagaákvörðunum þeim, er hjer koma til greina, sje rjett, skotið spurningu þessari til úrlausnar stjórnarráðsins, jafnframt því að þjer hafið sent hingað erindi frá biskupnum um, að stjórnarráðið, ef það fallist á yðar skoðun, eigi að síður vilji leyfa, að 350 kr. þær, sem ágreiningur er um, megi skiptast milli prestaekknanna, vegna þess, hversu mjög þær sjeu þurfandi.

Útaf þessu lætur stjórnarráðið eigi hjá líða þjónustusamlega að kunngjöra yður, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar, að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um, að eptir hinum gildandi reglum, beri að álíta helming hinnar umræddu fjárveitingar ákveðinn handa emeritprestum og helminginn handa prestaekkjum, og að stjórnarráðið ekki hefur heimild til að leyfa nein afbrigði frá þessari skiptingu; þer þess vegna að spara fyrir landssjóðinn þann hluta af fjárveitingunni til emeritpresta og prestaekknna, hvorra fyrir sig, sem ekki verður varið samkvæmt tilgangi sínum.<sup>1</sup>

1) Í brjefi til stíptisyrvaldanna, dagsettu 8. ágúst 1885, tjáir landshöfðingi sig ekki sjá sjer fært að staðfesta úthlutun synodusfundarins eins og hún liggir fyrir, „að því leyti prestaekkjum eru með henni úthlutaðar 1350 kr., eða meira en helmingur styrksins; því einsog fje það, sem hjer er um að ræða, „er komið í staðinn fyrir árgjald það af braudum, sem greitt var samkvæmt 7. grein tilskipunar 15. desember 1865, eins verð jeg að álíta, að reglur þær, sem giltu um úthlutun þessa árgjalds, að því „skyldi skipt til helminga milli uppgjafapresta og prestaekknna, gildi einnig um úthlutun þeirra 2000 „króna, sem veittar hafa verið úr landssjóði í notum þess, að árgjaldið var af numið, enda hefur þeirri „reglu einnig verið fylgt hingaðtil. En til þess að breyta sem minnst úthlutun þeirri, sem gjörð hefur „verið af synodus, hef jeg, einsog sýnt er hjer á eptir, fært niður, hvað prestaekkjurnar snertir, hinar „einstöku styrksupphæðir í rjettu hlutfalli, þannig að hluti prestaekknanna færist niður í 1000 krón- „ur . . . .“ (sjá bls. 112 hjer að framan).

28. dag októberm 1885.